2014

Fjármálageirinn og samkeppnishæfni

SFF

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Allur réttur áskilinn ©2014 / sff.is

Grafík - Hönnun og framleiðsla ehf / grafik.is

Raunhæf markmið

Fjármálageirinn og samkeppnishæfni

Öflugt fjármálakerfi er einn mikilvægasti þáttur samkeppnishæfni efnahagslífsins. Öflug greiðslumiðlun, áhættustýring og skilvirkni þegar kemur að umbreytingu sparnaðar í fjárfestingu er forsenda öflugs efnahagslífs sem skapar landsmönnum betri lífskjör. Samtök fjármálafyrirtækja eru sammála þeirri metnaðarfullu stefnu sem Samtök atvinnulífsins hafa sett sér um að Ísland komist í hóp tíu samkeppnishæfustu þjóða heims innan tíu ára og telja það vera raunhæft markmið.

Markmiðið er raunhæft en því verður ekki náð nema allir leggist á sömu sveif. Aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja gera sér grein fyrir því að þau geta gert betur til að skapa efnahagslegt umhverfi sem hlúir að samkeppnishæfni hagkerfisins. Þekkingarleit á fjármálamarkaði snýst um að finna leiðir til að auka skilvirkni og hagkvæmni þannig að fjármálageirinn veiti öflugu atvinnulífi nauðsynlegan stuðning og tryggi þar með samkeppnishæfni þess. Traust og öflugt fjármálakerfi er forsenda efnahagsframfara og þess að atvinnulíf og heimili njóti góðrar fjármálaþjónustu.

Samtök fjármálafyrirtækja telja að jöfn samkeppnisskilyrði fjármálafyrirtækja sem keppa á sama markaði, án tillits til stærðar og eignarhalds, ásamt frelsi í fjármálastarfsemi sé forsenda þess að skapa góð skilyrði fyrir samkeppnisfærni fjármálakerfisins. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa á sameiginlegum evrópskum fjármálamarkaði og þar af leiðandi er þeim nauðsynlegt að starfa við sambærilegt regluverk og skattaumhverfi og í nágrannalöndunum. Ef stjórnvöld skapa ekki slík skilyrði bitnar það á getu fjármálageirans til að veita heimilum þjónustu og styðja við atvinnulífið og tryggja þannig samkeppnisfærni hagkerfisins.

Þegar hugað er að því hvernig megi styrkja samkeppnisfærni hagkerfisins er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir mikilvægi fjármálageirans í efnahagslífinu. Ógjörningur er að hugsa sér nútímavætt framsækið efnahagslíf án kraftmikillar og skilvirkrar fjármálaþjónustu. Þar af leiðandi skiptir sköpum að fjármálageiranum sé gert kleift að styðja við bakið á atvinnulífinu og þjónusta heimilin; með öðrum orðum að gegna sínu mikilvæga hlutverki.

Í þessu riti má finna stutta yfirferð yfir nokkra þá þætti sem Samtök fjármálafyrirtækja telja mikilvæga fyrir umræðuna um hvernig megi styrkja samkeppnishæfni hagkerfisins. Hagræðing hefur átt sér stað í fjármálakerfinu og bankakerfið hefur minnkað umtalsvert en á sama tíma er þjónustustigið hátt og greiðslumiðlun með því besta sem þekkist. Þegar horft er á fjármálakerfið í alþjóðlegum samanburði sést að staðan er að mörgu leyti góð þrátt fyrir að hægt sé að gera betur þegar kemur að þáttum á borð við kostnað kerfisins. Mikill árangur hefur náðst við endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja og eins og greining efnahagssviðs SA sýnir fer vaxtamunur lækkandi. Aftur á móti eru álögur á fjármálageirann gríðarlega miklar og það ásamt íþyngjandi laga- og regluumhverfi samanborið við umhverfið í Evrópuríkjum stendur í vegi fyrir eðlilegri framþróun fjármálgeirans. Með samhentu átaki fjármálageirans og stjórnvalda í að auka samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja er lagður grunnur að því að fjármálageirinn geti lagt sitt af mörkum við að tryggja samkeppnisfærni efnahagslífsins og koma Íslandi á ný í fremstu röð.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja



Á sama tíma og dregið hefur verulega úr stærð íslenska fjármálakerfisins hefur umtalsverð hagræðing átt sér stað innan þess. Þessi hagræðing endurspeglast í bankakerfinu og sést bæði þegar horft er til þróunar starfsmannafjölda og fjölda útibúa. Þannig hefur starfsmönnum banka og sparisjóða innan raða SFF fækkað um tæplega þriðjung frá árinu 2008. Þegar horft er til sama tímabils á hinum Norðurlöndunum verður aðeins vart við sambærilega þróun í Danmörku en sem kunnugt er gekk danska hagkerfið einnig gegnum djúpstæða fjármálakreppu eftir árið 2008. Samhliða þessari þróun þá hefur útibúum banka og sparisjóða fækkað um rétt tæplega 40% frá árinu 2008 fram á mitt ár 2014.



Fækkun útibúa og starfsfólks endurspeglar fyrst og fremst framþróun í bankaviðskiptum og hversu framarlega Íslendingar standa á því sviði. Notkun greiðslukorta hér á landi er með því mesta sem þekkist í heiminum. Samkvæmt Seðlabanka Íslands voru kortagreiðslur á hvern íbúa hvergi fleiri en hér á landi árið 2011. Það ár námu greiðslukortaviðskipti hvers Íslendings að meðaltali 2,2 milljónum króna en meðatalið í Evrópusambandinu var á sama tíma tæplega 600 þúsund krónur. Á sama ári notaði hver Íslendingur greiðslukort að meðaltali daglega á meðan að meðtalið í ESB var fimmti hver dagur.[1]

Sú staðreynd að hver Íslendingur greiðir fjórðung sinna útgjalda gegnum heimabanka er til marks um hversu framarlega fjármálageirinn stendur í rafrænum bankaviðskiptum og hversu almenningur hefur verið viljugur til þess að tileinka sér rafræn viðskipti. Á sama tíma greiðir hver einstaklingur að jafnaði 60% af heildarútgjöldum sínum með greiðslukortum.

Það hversu lítið reiðufé er í umferð samanborið við önnur lönd sýnir hversu útbreidd bankaviðskipti eru hér á landi. Hlutfall reiðufjár í viðskiptum á Íslandi nemur 2,21% af landsframleiðslu samanborið við 9,14% á evrusvæðinu svo dæmi sé tekið. Almenningur nálgast svo reiðufé sitt að stærstum hluta með því að fara í hraðbanka.

[1] *Heimild: Fjármálainnviðir 2013, Seðlabanki Íslands. Bls 64.*



Þrátt fyrir að íslenskt efnahagslíf standi enn í skugga óleystra vandamála á borð við fjármagnshöft þá hafa undirstöður fjármálakerfisins styrkst. Sem kunnugt er dró verulega úr stærð bankakerfisins eftir að viðskiptabankarnir voru endurreistir. Hvort sem horft er til eigna bankakerfisins eða innstæðna sem hlutfalls af landsframleiðslu sést að íslenska bankakerfið er umtalsvert minna en til að mynda en gengur og gerist á meginlandi Evrópu og á Bretlandseyjum. Að sama skapi er eiginfjárstaða íslensku bankanna afar traust í evrópskum samanburði auk þess sem að arðsemi hefur verið góð undanfarin ár – þó rétt sé að hafa í huga að áhrif óreglulegra þátta á arðsemina hafi verið mikil. Þróun vanskilahlutfalls endurspeglar viðsnúning efnahagslífsins og bætta stöðu heimila

og fyrirtækja. Þrátt fyrir að mikil hagræðing hafi átt sér stað og að kostnaðarhlutfall íslensku bankanna sé ekki úr takti við meðaltal banka í ESB þá hafa stjórnendur fjármálafyrirtækja lýst yfir að þeir ætli sér að ná frekari árangri í þeim efnum.





Þegar fjármálakreppan skall á árið 2008 var skuldsetning íslenskra heimila og fyrirtækja með því mesta sem þekktist í hinum vestræna heimi og því var áfallið meira en ella þegar kreppan læsti klóm sínum í hagkerfið. Frá ársbyrjun 2011 hefur náðst marktækur árangur við endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja við bankakerfið. Frá þeim tíma til ársins 2013 voru lán til heimila færð niður um meira en 200 milljarða króna og lán til fyrirtækja niður um 1100 milljarða króna. Þetta hefur bætt stöðu heimila og fyrirtækja verulega og á síðustu árum hafa jafnframt hagfelld skilyrði í efnahagslífinu styrkt stöðu þeirra enn frekar þannig að eignastaða heimila er betri og það sama gildir um eiginfjárstöðu fyrirtækja.



Vaxtamunur fer lækkandi

Síðustu ár hefur vaxtamunur í bankakerfinu minnkað. Eins og fram kemur í greiningu efnahagssviðs SA á samkeppnisumhverfi fjármálafyrirtækja er það til marks um samkeppni og hagræðingu. Þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað þá er hann enn töluvert hærri en hann var fyrir 2008. Skýringarnar eru að vægi skuldabréfafjármögnunar hefur minnkað en bankarnir eru í dag að stærstum hluta fjármagnaðir með innlánum. Hlutur stórra fyrirtækjalána hefur einnig minnkað og eiginfjárkröfur eru mun hærri en þær voru fyrir fjármálakreppuna. Þá hafa tímabundnir þættir á borð við endurmat á lánasöfnum, sem keypt voru af gömlu bönkunum, og aðferðir við bókfærslu þeirra leitt til hærri vaxtamunar en ella. Samfara því að áhrif slíkra tímabundinna þátta fara þverrandi má ætla að vaxtamunur geti lækkað enn frekar.

	'07	'08	'09	'10	'11	'12	'13	'14
Sérstakur fjársýsluskattur, 6% af hagnaði umfram 1 ma.kr.	0	0	0	0	0	1.626	2.711	4.395
Fjársýsluskattur (5,45% 2012 ,6,75% 2013, af launum)	0	0	0	0	0	2.186	2.980	2.513
UMS / Ráðgjafarstofa heimilanna	0	20	26	247	624	630	651	419
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, 0,41% af skuldum	0	0	0	994	1.006	1.089	6.424	8.520
Gjöld vegna viðbótareftirlits	0	273	1.824	183	39	16	15	12
Almennt eftirlitsgjald vegna Fjármálaeftirlits	483	665	538	654	1.000	1.216	1.198	1.099
Fasteignagjöld	0	639	733	317	328	291	224	224
Tekjuskattur	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	7.011	9.837	15.847
Tryggingagjald	2.312	2.972	2.204	2.681	3.313	3.261	3.494	3.424
Sérstakur skattur v/vaxtaniðurgr. 0,0875%% af skuldum	0	0	0	0	1.959	2.210	0	0
Iðgjald Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.316	3.068	2.415	2.421	4.142	3.230	3.152	3.100
SAMTALS ÖLL GJÖLD	21.635	25.059	16.111	28.277	25.080	22.766	30.690	39.558
Ótekjutengd gjöld	4.111	7.638	7.741	7.497	12.411	14.129	18.143	19.316
Tekjutengd gjöld	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	8.637	12.548	20.242

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

Tölur eru byggðar á beinum upplýsingum frá aðildarfyrirtækjum. Iðgjald til TIF 2014 er byggt á áætlun sjóðsins.

Álögur á fjármálageirann hafa

Eitt af því sem hefur einkennt umhverfi fjármálageirans á undanförnum árum eru tíðar breytingar á skattaumhverfinu sem hafa allar verið í þá átt að auka gjöld og opinberar álögur. Áætlanir SFF gera ráð fyrir að aðildarfélög samtakanna borgi tæpa 40 milljarða króna í skatta og opinber gjöld á árinu 2014. Er það 30% hækkun frá árinu 2013. Þá hafa ótekjutengd gjöld margfaldast á sama tíma, farið úr 4,1 milljarði króna árið 2007 í að vera áætluð ríflega 16 milljarðar króna árið 2014. Til að setja þessa upphæð í samhengi má nefna að hún nemur 18% af hreinum vaxatekjum viðskiptabankanna árið 2013.

Breytingar á skattumhverfi fjármálafyrirtækja hafa verið tíðar á liðnum árum. Þannig hefur fjöldi nýrra skatta verið



hækkað mikið undanfarin ár

lagður á fjármálafyrirtæki, þar sem oftar en ekki hefur verið þjófstartað hugmyndum sem hafa verið í deiglunni alþjóðlega. Sem dæmi má nefna fjársýsluskattinn, en á tímabili voru hugmyndir innan Evrópu um skatt í þá veru sem ekki náðist samstaða um. Alla þessa flóru skatta og gjalda má finna á myndinni hér að ofan.

Allar þessar miklu hækkanir álaga samhliða fjölgun skatta og gjalda á fjármálakerfið í heild hafa komið til samhliða gríðarlegri minnkun fjármálakerfisins frá því sem hæst lét á árinu 2007 eins og myndin ber með sér.



Lítið samhengi hefur verið á milli þróunar stærðar bankakerfisins og kostnaðar vegna eftirlits með því. Þannig hefur stærð bankakerfisins farið úr því að vera áttföld landsframleiðsla árið 2007 niður í að vera ríflega tvöföld landsframleiðsla. Á þessum tíma hefur rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins hins vegar aukist um tæpan milljarð króna. Áætlanir gera ráð fyrir að eftirlitsgjald FME verði ríflega 1,6 milljarður króna á árinu 2014 .

Eitt helsta áherslumál SFF er að lög og reglur íslensks fjármálamarkaðar séu sambærilegar við það sem þekkist í öðrum Evrópuríkjum. Með því er hægt að tryggja að fjármálafyrirtækin keppi á sanngjörnum samkeppnisgrundvelli. Þróunin hefur hins vegar verið óhagstæð á undanförnum árum eins og fram kemur í nýrri skýrslu SFF en í henni er að finna ítarlegt yfirlit þau lög og reglur sem eru sérstaklega íþyngjandi fyrir íslensk fjármálafyrirtæki. Á sameiginlegri málstofu SFF og FME í júní 2014 var rætt um að gengið hafi verið langt hér á landi í íþyngjandi lagasetningu. Það þarf að innleiða mikinn fjölda ESB-reglna hérlendis á næstu misserum. Í því ljósi telja SFF mikilvægt að huga að því að tryggja sem best samræmi í innleiðingu við önnur ríki og lagfæra séríslenskar reglur þar sem gengið hefur verið lengra en annars staðar.

Úrbóta þörf á verðbréfamarkaði

Mikilvægt er að innlendur verðbréfamarkaður starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð. Þannig geti hann þjónað sem lærdómsferli fyrir aðgang að stærri mörkuðum fyrir útgefendur verðbréfa, milliliði og fjárfesta hér á landi, en einnig greitt fyrir aðgengi erlendra þátttakenda að íslenskum markaði. Jafnframt þarf uppbygging markaðarins að vera einföld og hagkvæm og auka þannig möguleika útgefenda til að afla sér fjármagns. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu verðbréfahóps Samtaka fjármálafyrirtækja um úrbætur á umgjörð verðbréfamarkaðarins. Í skýrslunni er að finna tuttugu og tvær úrbótatillögur sem horfa til eftirfarandi þátta verðbréfamarkaðarins: Viðskipta með verðbréf; uppgjörs viðskipta; skattamála; opinbers eftirlits og starfsemi

lífeyrissjóða. Allt eru þetta mikilvæg atriði fyrir verðbréfamarkaðinn, en á fundi stjórnar SFF í haust var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á átta forgangsatriði:

- *Auknar heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga á First North.*
- *Lækkun viðskiptakostnaðar NASDAQ OMX og Verðbréfaskráningar Íslands.*
- *Að rýmka íþyngjandi ákvæði sem skyldar fjármálafyrirtæki til að upplýsa um nöfn og eignarhald þeirra sem eiga allt niður í 1% eign í viðkomandi fyrirtæki á hverjum tíma.*
- *Breytingu á lögum um tekjuskatt þannig að ekki þurfi að koma til innlausnar hlutdeildarskírteina við samruna sjóða.*
- *Undanþága frá staðgreiðslu skatts nái til allra fjármálafyrirtækja en ekki eingöngu banka, sparisjóða og lánafyrirtækja.*
- *Að einfalda reglur um afdráttarskatt af vaxtatekjum sem greiddar eru úr landi.*
- *Að bæta úr því ójafnræði sem gjaldeyrishöftin hafa skapað á milli innlendra og erlendra vörsluaðila séreignarsparnaðar.*
- *Úrbætur á uppgjörsaðferðum lífeyrissjóða til að stuðla að skilvirkari verðmyndum á skuldabréfamarkaði.*



Tryggingafélög í fararbroddi

Vátryggingafélögin hafa að mörgu leyti verið í fararbroddi á fjármálamarkaði á undanförnum árum og gegna þau lykilhlutverki á íslenskum fjármálamarkaði enda er skilvirk dreifing áhættu fyrir heimili og fyrirtæki grundvallarstoð öflugs fjármálakerfis. Öll íslensku vátryggingafélögin eru í einkaeigu og eru þrjú af þeim skráð í Kauphöll Íslands. Tryggingafélögin hafa því gegnt veigamiklu hlutverki þegar kemur að endurreisn hlutabréfamarkaðarins hér á landi. Eins og greining efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins gefur til kynna þá er skilvirkni tryggingamarkaðarins mun meiri en gengur og gerist að meðaltali í þeim ríkjum sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) en bein heildariðgjöld á hvern starfsmann í tryggingageiranum eru



meiri hér á landi en að meðaltali innan OECD. Þá eru bein heildariðgjöld á mann innan við 60% lægri en að meðtaltali í OECD-ríkjunum eins og fram kemur í greiningu efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Að einhverju leyti má rekja þetta til þeirrar staðreyndar að líftryggingamarkaðurinn hér á landi er minni en gengur og gerist í öðrum OECD-ríkjum. Í ársbyrjun námu samanlagðar eignir allra vátryggingafélaga hér á landi um 163 milljörðum króna og höfðu hækkað um ríflega tíu milljarða frá fyrra ári. Þróunina má meðal annars rekja til mikillar aukningar á hlutabréfaeign þeirra en hlutfall þeirra fór úr 12% í 29% árið 2013.

Kristín Lúðvíksdóttir

Fjármálavit

Stjórn SFF hefur sett eflingu fjármálafræðslu í skólum landsins í forgang. Samtökin hafa undanfarin ár stigið mikilvæg skref í þeim efnum, m.a. með því að eiga frumkvæði að stofnun stýrihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um fjármálalæsi sem var ætlað að finna mögulegar leiðir til að efla fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. SFF helguðu SFF-daginn 2013 fjármálalæsi með þátttöku menntamálaráðherra og Arthur Reitsma, formanns fjármálalæsisnefndar Evrópsku bankasamtakanna. Til að styðja við áherslur núverandi menntamálaráðherra og fylgja eftir þeirri vinnu sem átt hefur sér stað innan samtakanna til þessa ákváð stjórn

SFF á árinu að ráðast í gerð fræðsluefnis um fjármál til að nýta til kennslu í grunnskólum landsins. Verkefnið ber heitið Fjármálavit og stýrir Kristín Lúðvíksdóttir því fyrir SFF, en hún hefur undanfarin ár unnið að sambærilegum verkefnum hjá Landsbankanum. Kristín segir að við þróun fræðsluefnisins sé horft til þess að það endurspegli raunverulegt umhverfi ungs fólks í dag og að það veki áhuga þess. Að sögn hennar hafa SFF lagt mikla áherslu á að rækta alþjóðlegt samstarf í þessari vinnu og leitað sér þekkingar og fyrirmynda hjá þeim systursamtökum í Evrópu sem standa í fremstu röð þegar kemur að eflingu fjármálafræðslu. Það samstarf hafi meðal annars leitt til þess að SFF munu taka þátt í hinni Evrópsku peningaviku sem Evrópsku bankasamtökin standa fyrir. Peningavikan fer fram í mars á næsta ári og þá munu starfsmenn aðildarfélaga SFF heimsækja tíundu bekki nokkurra grunnskóla í landinu til að fræða krakkana um fjármál og veita kennurum innsýn í hvernig hægt sé að nýta hið nýja fræðsluefni í kennslu um fjármál.

Kristín segir að með verkefni eins og Fjármálaviti séu samtökin að leiða saman krafta aðildarfélaga sinna og gera starfsólki fjármálafyrirtækja kleift að vinna saman að verkefni sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið, auk þess sem því er ætlað að vekja athygli á þörfinni á auknu fjármálalæsi í samfélaginu og hvetja til meiri umræðu um málefnið. „Tilgangurinn er þó auðvitað fyrst og fremst sá að útbúa flott og aðgengilegt fræðslusefni um fjármál sem sé auðvelt fyrir kennara að nota í kennslu um grunnþætti fjármála.“

Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvari fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra og stuðla að því að starfskilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF gæta hagsmuna aðildarfélaga samtakanna gagnvart stjórnvöldum, eftirlitsstofnunum, almenningi og atvinnulífi og aðstoða þau við að byggja upp heilbrigt og traust fjármálakerfi. Fulltrúar samtakanna taka virkan þátt í opinberri umræðu og beita sér fyrir því að koma sjónarmiðum aðildarfélaganna á framfæri og stuðla að upplýstri umræðu um mikilvægi fjármálakerfisins fyrir efnahagslífið og auknum skilningi á starfsemi fjármálafyrirtækja og hlutverki þeirra í hagkerfinu. Eitt stærsta verkefni SFF á næstu árum verður að styðja aðildarfélög sín við að byggja upp traust á fjármálakerfinu á ný.

SFF taka virkan þátt í hagsmunagæslu á alþjóðavettvangi en samtökin eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Samtökum evrópskra tryggingafélaga (CEA). Virk þátttaka í erlendu samstarfi skiptir miklu máli fyrir samtökin enda starfa íslensk fjármálafyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi, vegna mikilvægis útflutningsiðnaðar fyrir íslenska hagkerfið og hins evrópska lagaumhverfis sem gildir um starfsemi þeirra.

Haustið 2014 áttu 33 fjármálafyrirtæki aðild að SFF.

Aðildarfélög SFF

Afl- sparisjóður
Arctica Finance
Arion Banki
Borgun hf.
Centra Corporate Finance
HF Verðbréf
Íslandsbanki hf.
Íslandssjóðir hf.
Íslensk verðbréf hf.
Landsbankinn hf.
Landsbréf hf.
Lánasjóður sveitafélaga
Líftryggingafélag Íslands hf.
Líftryggingamiðstöðin hf.
Lýsing hf.
MP Banki hf.
Okkar líftyggingar hf.
Sjóvá almennar líftryggingar hf.
Sjóvá almennar tryggingar hf
Sparisjóður Bolungarvíkur
Sparisjóður Höfðhverfinga
Sparisjóður Norðfjarðar
Sparisjóður Strandamanna
Sparisjóður Suður- Þingeyinga
Sparisjóður Vestmannaeyja
Sparisjóður Norðurlands
Stefnir hf.
Straumur fjárfestingabanki hf.
Tryggingamiðstöðin hf.
Valitor hf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
Virðing hf.
Vörður tryggingar hf.

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association